



Félagssliðagátt

Umsóknarfrestur til 18. ágúst

Um námið

Markmið námsins er að auka þekkingu, færni og fagkunnáttu þeirra sem sinna einstaklingum sem þurfa aðstoð eða sérhæfða þjónustu við athafnir daglegs lífs.

Félagssliðagátt er fyrir þá sem hafa náð 22 ára aldri og eru með a.m.k. þriggja ára starfsreynslu við umönnunarstörf. Nemendur þurfa einnig að hafa lokið 190 klukkustunda starfstengdum námskeiðum.

Hjá Mími ljúka nemendur 4 önnum af 6, en til að útskrifast sem félagssliði ljúka nemendur síðustu tveimur önnunum í framhaldsskóla. Námið hjá Mími jafngildir 86 framhaldsskólæiningum.

Uppbygging náms

Kennslan er blanda af fjar- og staðnámi. Hver áfangi er kenndur í 4 vikur. Í upphafi og lok áfanga er skyldumæting í tíma síðdegis á virkum degi. Þess á milli fer námið fram á netinu. Nemendur hlusta á fyrirlestra heima, taka þátt í umræðum á netinu og vinna verkefni. Einnig verða í boði vinnustofur á Teams þar sem nemendur hafa aðgang að kennara og geta mætt ef þeir vilja/þurfa.

Námsgreinar

Fög kennd á haustönn 2022

Upplýsingatækni
Íslenska fyrir félagssliða
Samvinna og samskipti
Öldrun

Fög kennd á vorönn 2023

Enska fyrir félagssliða
Fjölskyldan og félagsleg þjónusta
Fötlun
Gagnrýnin hugsun og síðfræði
Óhefðbundin samskipti

Skráðu þig núna!

Námið hefst 1. september og haustönn lýkur 15. desember.

ATH. Skráning fer fram hjá Eflingu, efling@efling.is eða í síma 510-7500.

Fyrir aðra en félagsmenn Eflingar: Sendið póst á mimir@mimir.is.

Efling greiðir nemendagjaldið að fullu fyrir sína félagsmenn.



MÍMIR
Vertu meira!